




Alí flugvélaræningi



Einu sinni var
flugvélaræningi,
sem hét Alí.



Hér er mynd
af honum.

Hann var frægasti flugvélaraeningi í heimi, því hann var svo einstaklega góður og háttprúður.

Þegar hann rændi flugvél sagði hann alltaf við farþegana:

Herrar mínir og frúr! Afsakið að ég ræni þessari flugvél.

En það er gert í mjög góðum tilgangi, þið skiljið.


Auðvitað var lögreglunni mjög illa við hann, og hún vildi taka hann fastan og setja hann í fangelsi, en henni tókst aldrei að hafa upp á honum. Hann bjó í litlu húsi inni í frumskógi þar sem það var mjög erfitt að finna hann, og lögreglan fann hann aldrei.




Einn daginn hringdi síminn hjá Alí. Það var skæruliðaforinginn í símanum.
Elsku Alí minn, sagði skæruliðaforinginn. Nú er illt í efni.
Hvað er að? spurði Alí.
Við höfum heyrt í útvarpinu að flugherinn ætli að koma og varpa sprengjum á
þorpið okkar, sagði skæruliðaforinginn.

Skelfing er að heyra,
sagði Alí. Hvernig stendur
á þessu?

Herforingjarnir vilja ekki
að við búum hérna, af því
að við erum kommúnistar,
sagði skæruliðaforinginn.



Herforingjarnir segja
að allir kommúnistar
séu vondir. Þeir ætla
að senda sprengjupotur
til að drepa okkur
með sprengjum sínum.
Þú verður að hjálpa
okkur.




Nú varð Alí fækilega vondur. Flugherinn og herforingjarnir voru erkióvinir hans. Þeir voru alltaf að skjóta á fólk í litlu þorpunum þar sem vinir Alí bjuggu og sprengja upp húsin og grasekrurnar og drepa beljurnar. Svo Alí sagði við stæruliðaforingjann:
Allt í lagi. Ég skal gera það sem ég get.
Þakka þér fyrir Alí minn, sagði stæruliðaforinginn. Þú ert alltaf svo ráðagóður. Eg veit þú getur hjálpað okkur.



Nú þurfti Alí að
flyta sér. Hann
klifraði upp í bílinn sinn
og ók af stað. Litli bíllinn
brunaði í gegnum
frumskóginn.



Loksins komu þeir til flugvallarins. Þarna voru margar stórar flugvélar sem flugu með farþega til fjarlæggra landa. Alí skoðaði fólkid í flugstöðinni. Þar voru margar farþegar frá mörgum löndum. Loks kom Alí auga á mann í einkennisbúningi. Það var enginn annar en Haki herforingi, einn af herforingjunum vöndu sem ætluðu að sprengja litla þorpið.



Haki herforingi var hinn mesti ruddi. Þegar flugstjórinn sá að Haki var með byssu, sagði hann:

Þú mátt ekki koma inn í mína flugvél með byssu. Það er hættulegt.



Þegi þú, sagði Haki. Ég er herforingi. Ég má alltaf vera með byssu.

Og þá þorði flugstjórinn ekki að segja neitt.



Svo hóf flugvélin sig til flugs. Hún flaug mjög hátt, mikið hærra en skýin, mikið hærra en fuglar geta flogið.






Nú átti að færa farþegunum hádegismat. Það er alltaf mjög góður matur í flugvélum. Flugfreyjan kom með mat á bakka. Ég fæ fyrst, sagði Haki, því ég er herforingi. Og ég vil fá viski og vodka með. Já herra, sagði flugfreyjan. Haki herforingi borðaði mjög mikið og drakk viski og vodka og reykti stóran vindil og fyllti flugvélinu með ógeðslegum reyk. En enginn þorði að segja neitt.

Loksins sofnaði hann í sæti sínu,
og þá voru farþegarnir fegnir, af því að
hann var svo leiðinlegur.





Nú gat Alí náð í byssuna hans Haka.

Hann tók byssuna og stóð upp og sagði hátt:
Hertar mínir og frúr! Afsakið að ég ræni þessari flugvél.
En það er gert í mjög góðum tilgangi, þið skiljið.



Flugfreyjan var yfir sig hneyksluð. Guð minn góður,
sagði hún. Það er kominn vondur flugvélaraðingi
um borð. Hjálp. Hún æpti svo hátt, að Haki
herforingi vaknaði. Hann var mjög reiður.
Hver hefur tekið byssuna mína? öskraði hann.
Ég, sagði Alí. Nú er það ég sem ræð hér. Ef þú ert
ekki góður þá neyðist ég til að skjóta af þér nefið.
Þá þorði Haki ekki að
hreyfa sig.




Fólkið í flugvélinni var mjög hrætt þegar það vissi, að það væri kominn flugvélaraeningi um borð.

En í flugvélinni var lítil telpa sem sat hjá mömmu sinni. Hún sagði: Ég held að Haki sé leiðinlegur karl og Alí er skemmtilegur. Það er mikið betra að Alí hafi byssuna heldur en Haki. Ég held að Alí sé góður og ég er ekki hrædd. Þökk fyrir þessi vinsamlegu orð, sagði Alí.



Alí sagði við flugstjórann:
Vilt þú gera svo vel að fljúga vélinni til þorpsins litla
þar sem vinur minn stæruliðafótinginn býr?
Það get ég ekki, sagði flugstjórinn. Ég verð að fljúga
þessari vél til Keflavíkur.
Ef þú gerir það ekki, sagði Alí, þá verð ég að skjóta
gat á flugvélinna, en það getur orðið mjög hættulegt.
Jæja, sagði flugstjórinn. Þá það.




Þá sagði Alí við Haka herforingja:

Ég ætla að fara með þig til Þorpsins þar sem vinur minn
skæruliðaforinginn býr. Þú verður að senda skilaboð til
hinna herforingjanna og segja þeim að hætta við að senda
sprengjupotur til að sprengja Þorpið, því þá yrðir þú sprengdur
líka.

Haki var mjög hræddur. Hann kallaði í sendistöð flugvélarinnar:
Halló halló ! Þetta er Haki herforingi ! Hættið strax að
senda sprengjupotur til litla Þorpsins ! Þetta er skipun frá
Haka herforingja !

Og svo verður þú að borga hundrað þúsund milljón krónur til
fólksins í litla Þorpinu, af því að þú ert svo ríkur, en það er
svo fátækt, sagði Alí.

Jæja þá, sagði Haki.




Mikið voru þorpsbúar hissa þegar flugvélin lenti og út stigu Alí og Haki og allir farþegarnir.

Velkomin í þorpið okkar : sagði skæruliðaforinginn.
Alí sagði þorpsbúum alla söguna.

Þá sögðu allir þorpsbúar: Húrra fyrir Alí :

En skæruliðaforinginn sagði: Nú eigum við hundræð þúsund milljón krónur. Við getum byggt sjúkrahús og sundlaug og keypt okkur nýjan traktor. En fyrst skulum við halda stóra veislu. Öllum farþegunum er boðið í veisluna.



Mikið voru þorpsbúar hissa þegar flugvélin lenti og út stigu Alí og Haki og allir fjarþegarnir.

Velkomin í þorpið okkar : sagði stæruliðaforinginn.
Alí sagði þorpsbúum alla söguna.

Þá sögðu allir þorpsbúar: Húrra fyrir Alí !







En stæruliðaforinginn sagði: Nú eigum við hundræð þúsund milljón krónur. Við getum byggt sjúkrahús og sundlaug og keypt okkur nýjan traktor. En fyrst skulum við halda stóra veislu. Öllum fjarþegunum er boðið í veisluna.



Haki fékk ekki að vera með í veislunni. Hann var látinn þvo
stórvott fyrir skæruliðana. Skæruliðaforinginn sagði við hann:
Ef þú ert mjög duglegur og vinnur mjög vel hérna geturðu
kannski orðið góður skæruliði með tímanum.



Svo fóru allir að sofa, því það var orðið mjög seint.



Næsta morgun sagði flugstjórinn:
Jæja, nú verðum við að þakka fyrir okkur og halda heimleiðis
til Keflavíkur, svo fólk þó heima verði ekki hrætt um okkur.
En hvað um Alí? sagði litla telpan.
Eigum við ekki að fljúga með hann heim til sín fyrst?
sagði flugstjórinn.
Jú auðvitað, sögðu allir farþegarnir.

Svo flaug flugvélin af stað.

Bless : kölluðu farþegarnir.

Bless : kallaði Alí flugvélaræningi.

Bless : kölluðu þorpsbúar. Komuð bráðum aftur :



En nú skuluð þið ekki halda að þessi saga sé
búin. Það er mikið meira að segja frá. Við ætlum
að reyna að gera það.

Neskaupstað 1. desember 1973

Maggi

Messi

Pétur

Sigga

Bókin er tileinkuð Olgu Guðrúnu.

Engin réttindi áskilin
Non copyright 1973 by Mæggi, Messí, Pétur, Sígga.

Letu: fjölritaði